

Sb.

301. Tillaga til þingsályktunar

um laun talsímakvenna.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Einar Árnason, Hannes Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að heimila póst- og símamálastjórninni að láta talsímakonur taka laun í sama launaflokki og 2. fl. skrifarar. Launagreiðsla samkvæmt þessu skal gilda frá 1. jan. þessa árs, og teljast þjónustuár talsímakvenna, eins og þau voru 1. jan. síðastl., þeim til aldursuppbótar í hinum nýja launaflokki.

Greinargerð.

Talsímakonum eru nú ætluð 1200 kr. byrjunarlaun, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í kr. 1800.00. Verða hámarkslaun þeirra nú alls ca. kr. 2800.00 á ári með uppbótum. Þær uppbætur, sem þessi launaflokkur hefir fengið, eru í engu samræmi við aukningu dýrtíðarinnar síðan launalögin gengu í gildi, og sízt þegar þess er gætt, sem alvitað er, að laun þessi voru á sínum tíma miðuð við það, að til þessa starfa veldust dætur efnaðra manna og embættismanna, sem ekki gerðu starfið að lífsstarfi og ekki þyrftu að greiða til heimilis síns fyrir fæði og húsnæði. Á síðari árum hefir þetta algerlega breytt. Nú veljast einmitt aðallega fátækari stúlkur til þessa starfa, verða oft ekki einungis að sjá fyrir sér sjálfar, heldur líka oft og tíðum fyrir öldruðum foreldrum, öðru eða báðum. Þá fjölgar þeim óðum, hér sem erlendis, sem gera þetta starf að lífsstarfi og verða því að búa sig undir það fjárhagslega, að mæta ellinni.

2. fl. skrifurum eru ætluð 2200 kr. hámarkslaun, eða 400 kr. + dýrtíðaruppbót hærri laun en talsímakonum. Þó verður ekki séð, að starf 2. fl. skrifara sé það vandasamara eða útheimti þeim mun meira undirbúningsnám en starf talsímakvenna, að ástæða sé til, að svo mikill munur sé gerður á þeim störfum í launagreiðslum.